

**154. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 8. júní 2016 í Garðabæ**

**Mætt:** Halla Steinólfssdóttir (HS) formaður, Guðríður Þorvarðardóttir (GÞ) varaformaður, Arnheiður Jónsdóttir (AJ), Trausti Baldursson (TB), Eiríkur Snæbjörnsson (ES) og Erla Friðriksdóttir.

*Fundarritari:* Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:00.

**Fundargerð 153. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

**Hlunnindabæklingur**

Yfirfarinn texti lagður fram.

**Afgreiðsla:**

Fundarmenn lögðu til nokkrar breytingar á innihaldi textans. Samþykkt að óska eftir aðstoð Eyþórs Benediktssonar til þess að fara yfir textann og gera þær breytingar sem þurfa þykir á málfari. Samþykkt að fá Shelagh Smith til þess að þýða textann yfir á ensku.

**Starfsskýrsla 2015**

Starfsskýrsla 2015 lögð fram.

**Afgreiðsla:**

Samþykkt án athugasemda.

**Skipulagsfulltrúi Dalabyggðar óskar eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um deiliskipulagstillögu við Tröllenda í Flatey**

Erindi lagt fram.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd telur að deiliskipulagstillaga sé í samræmi við gildandi aðalskipulag. Nefndin gerir engar athugsemdir við tillöguna en ítrekar fyrri ábendingu, frá 4. nóvember 2015, um að samráð sé haft við Minjastofnun Íslands.

**Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar vegna lagningu ljósleiðarasætrengs í Álftafirði**

Erindi lagt fram.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemd við verkið.

**RARIK óskar eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar vegna lagningu háspennujarðstrengs í Álftafirði**

Erindi lagt fram.

**Afgreiðsla:**

# Breiðafjarðarnefnd



Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemd við verkið en mælist til góðrar umgengni og að jarðraski verði haldið í algjöru lágmarki.

## Tillaga frá Náttúrustofu Vesturlands um eflingu verndar Breiðafjarðar

Erindið kynnt fyrir nefndinni.

### Afgreiðsla:

Nokkur umræða skapaðist um tillöguna. Málinu frestað þar til nefndin er fullsetin.

### Vettvangsferð

Hugmyndir um vettvagnsferð þann 5. ágúst kynntar. Áætlað er að fara í rútuferð frá Stykkishólmi með norðanverðu Snæfellsnesi út á Öndverðanes. Ferðin yrði farin með stækkun svæðisins í huga.

### Afgreiðsla:

HS, GP og TM sjá um frekari skipulagningu. Áætlað að stoppa við Hraunsfjörð, Kolgrafafjörð, í Grundarfirði og Snæfellsbæ.

### Verkefni þessa árs

Óskað eftir tillögum nefndarmanna að verkefnum sem nefndin ætti að ráðast í árinu.

### Afgreiðsla:

Nokkur verkefni listuð upp og stefnt að því að taka ákvörðun á næsta fundi nefndarinnar.

### Önnur mál

### Ramsar

Farið yfir svar Sturlu Böðvarssonar bæjarstjóra Stykkishólms til Breiðafjarðarnefndar þar sem óskað er eftir rökstuðningi nefndarinnar fyrir áformum sínum um að leggja til að Breiðafjörður verði tilnefndur á lista Ramsar.

### Afgreiðsla:

Nefndin vísar í Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 sem send var sveitarfélögnum árið 2015. Auk þess bendir nefndin á grein Trausta Baldurssonar um Ramsar sem birtist í tímaritinu Breiðfirðingi 2016.

**Fundi Breiðafjarðarnefndar var slitið kl. 12:00. Að loknum fundi héldu Halla Steinólfssdóttir, Guðríður Þorvarðardóttir og Arnheiður Jónsdóttir á fund umhverfis- og auðlindaráðherra.**